

Svar við erindi frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, skv. bókun aðalfundar dags. 22. maí 2018. Sjá erindið neðanmáls í svarbréfinu.

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Svar við fyrri fyrirspurninni, „*Tillögur að skipulagi ef um tvær aðskildar rekstrareiningar væri að ræða, undir einu byggðasamlagi.*“

Sem svar við fyrri fyrirspurninni er gengið út frá að um sé að ræða núverandi byggðasamlag og fullkominn aðskilnað þeirra eininga sem mynda þjónstuna, skólaþjónsta annars vegar og félagsþjónusta hins vegar. Þá sem sjálfstæðar rekstrareiningar, með sitthvora kennitöluna.

Einungis er að sjá að eitt skipulag í grundvallaratriðum út frá þeirri afmörkun. Að byggðasamlagið, Félags- og skólaþjónusta Rang. og V. Skaft, stofni tvær stofnanir (rekstrarform K2 – stofnun sveitarfélags) undir stjórn byggðasamlagsins. Hlutverk þessara stofnana yrði svo afmarkað nánar í samþykktum beggja eininga og í samþykktum byggðasamlagsins.

Til að ná fram sem mestri hagræðingu væri unnt að skilgreina hlutverk stjórna á þann veg að stjórn byggðasamlagsins væri jafnframt stjórn þeirra eininga sem störfuðu á vegum byggðasamlagsins. Að öðru leyti er ekki gerð grein fyrir skipulagi þeirra sérstaklega eða breytingum á núverandi hlutverkum þeirra eininga sem byggðasamlagið byggir á.

Svar við síðari fyrirspurninni; „**Mat á kostnaði þeirra tillagna, samanborið við núverandi rekstrarfyrirkomulag.**“

Sé horft til tillögunnar hér að ofan er ljóst að um stofnkostnað verður að ræða, við stofnun þessar nýju eininga. Um einskiptis kostnað verður að ræða en aðra kostnaðarliði þarf að meta sérstaklega hvort komi til hækkunar eða lækkunar á árlegum rekstrarkostnaði til samanburðar við núverandi skipulag. Er þá horft til kostnaðar við endurskoðun, bókhaldsþjónustu og funda- og stjórnakostnaðar. Ekki er að sjá að skipulagsbreytingar gætu haft áhrif á annan rekstrarkostnað skv. forstöðumönnum.

Til samanburðargreiningar eru þeir þættir skoðaðir nánar:

Funda- og stjórnakostnaður:

Að mati forstöðumanna er áætlaður sami fjöldi funda eftir skipulagsbreytingarnar. Ætla má af því að ekki komi til hækkunar eða lækkunar á þeim kostnaði, sé horft til þess fyrirkomulags að samnýta stjórn byggðasamlags sem stjórn beggja eininga. Að því gefnu að stjórn byggðasamlagsins samþykki það fyrirkomulag og þær breytingar verði gerðar á samþykktum byggðasamlagsins og til samræmis í samþykktum þeirra eininga sem heyra munu undir byggðasamlagið.

Stofnun nýrra stofnana og breytingar á eldri samþykktum:

Áætlaður kostnaður vegna stofnunar á tveimur nýjum stofnunum undir byggðasamlaginu og breytinga á eldri samþykktum byggðasamlagsins, má áætla kostnað vegna þessa á bilinu 1,0 til 1,5 mkr. Er þá um að ræða kostnað við skráningu, gerð samþykta, breytingu á eldri samþykktum byggðasamlagsins, lögfræðiþjónustu og kostnað vegna aðstoðar frá endurskoðanda. Um væri að ræða einskiptis kostnað og er um áætlun að ræða. Unnt væri að óska eftir tilboðum til frekari skoðunar.

Endurskoðun og bókhaldsþjónusta:

Ef litið er til útreikninga sem fram koma í erindi forstöðumanna byggðasamlagsins (ódagsett) um *kostnað vegna bókhalds- og endurskoðunar*, koma þar fram tillögur um hagræðingu við endurskoðun og bókhaldsþjónustu, sem unnt væri að ná fram með því að aðskilja einingarnar. Sé gengið út frá þeim tillögum og þeim tölum sem þar eru lagðar til grundvallar er ekki gert ráð fyrir hækkun árlegs kostnaðar vegna þessa breytinga heldur lækkunar um allt að 1 mkr. á ári.

Út frá ofangreindu er ekki að sjá að skipulagsbreytingarnar sem slíkar muni fela í sér aukinn árlegan rekstrarkostnað byggðasamlagsins eða þessa málefna sviðs sveitarfélaganna.

Til viðbótar:

Erindið sem slíkt er þannig afmarkað að ekki er leitast eftir öðrum tillögum en rekstri undir núverandi byggðasamlagi. Ljóst er þó að möguleikar á skipulagi eru fleiri ef ekki yrði horft til þeirrar afmörkunar. Má nefna að til að ná fram sömu markmiðum og koma fram í erindinu, kunna að vera fleiri möguleikar að breyttu skipulagi. Eru þír möguleikar hér taldir upp en kann að vera að sú upptalningin sé ekki tæmandi:

a) Eitt byggðasamlag og tvær stofnanir

Eins og líst er í svarbréfinu hér að ofan.

b) Tvö byggðasamlög

Með stofnun nýs byggðasamlags væri unnt að flytja aðra eininguna yfir til nýs byggðasamlags og aðskilja þannig einingarnar í tveimur rekstrareiningum.

c) Færa verkefni byggðasamlagsins undir sveitarfélögin

Unnt er að ná fram sömu markmiðum um aðskilnað eininganna með því að færa aðra eða báðar einingarnar yfir til sveitarfélaga, á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnalaga um samninga um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög. Með því væri annað hvort hægt að færa aðra eininguna yfir til eins sveitarfélags og halda annari einingunni eftir hjá byggðasamlaginu eða flytja báðar einingarnar yfir til eins eða tveggja sveitarfélaga og þar með leggja niður byggðasamlagið.

1. Rekstrarfyrirkomulag deildanna, máli vísað til nýrrar stjórnar frá aðalfundi 2018.

Lagt fram undir þessum dagskrárlið erindi forstöðumanna deildanna um breytt fyrirkomulag vegna bókhaldsþjónustu og reksturs.

Eftirfarandi tillögu var vísað til nýrrar stjórnar á aðalfundi dags. 22. maí 2018:

„Lagt er til að Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs óski eftir því við þróunarsvið SASS, að það veiti ráðgjöf um hvernig útfæra megi rekstur þjónustunnar í aðskildum rekstrareiningum í einu byggðasamlagi.

Við athugunina yrði haft að leiðarljósi, að kostnaður við rekstur byggðasamlagsins aukist sem minnst og jafnvel dragi úr honum. Óskað verði eftir ráðgjöf sérstaklega um eftirfarandi atriði:

- Tillögur að skipulagi ef um tvær aðskildar rekstrareiningar væri að ræða, undir einu byggðasamlagi.
- Mat á kostnaði þeirra tillagna, samanborið við núverandi rekstrarfyrirkomulag“.

Stjórnin samþykkir tillöguna samhljóða og formanni falið að hafa samband við þróunarsvið SASS.

Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarsviðs SASS

15.11.2018